

GRANDABORG– MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Október 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

GRANDABORG– MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	3
Leikskólinn Grandaborg	3
Greining	4
Viðmiðaramminn	6

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Svanhvít Guðjónsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Grandaborg sem fram fór í október 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í október 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 3. – 7. október. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN GRANDABORG

Leikskólinn Grandaborg tók til starfa árið 1985 og er staðsettur við Boðagrandu 9, 107 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 4 deildir og 77 börn voru á leikskólanum í október 2016. Yngri börnin eru á Skeljavík og Ölduvík og eldri börnin eru á Fjöruvík og Klettavík.

Leikskólastjóri er Helena Jónsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Ragnheiður Júlíusdóttir.

Styrkleikar:

Leikskólastjóri er sýnilegur og leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. Starfsfólk finnur að framlag þess til leikskólans er metið. Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega og eru niðurstöður þeirra skráðar.

Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarf í leikskólanum. Starfsfólk er hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er eftir henni.

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna. Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar í útinámi.

Skipulögð viðfangsefni taka mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum.

Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna. Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á.

Leikskólakennarar/deildarstjórar skipuleggja og leiða starf á deildum. Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra er börnin, nám þeirra og staða. Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og líður vel í vinnunni.

Börnin voru ánægð með leikskólastarfið, finnst gaman og líður vel að þeirra sögn. Þau nefndu nokkra þætti sem þau eru ánægð með í leikskólastarfinu; gaman í salnum, í útiveru, spilin eru skemmtileg, gaman að læra stafi og að leira.

Foreldrar telja að barninu líði vel í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann. Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki.

Tækifæri til umbóta:

Að stefna og gildi leikskólans verði skýrt fram sett í skólanámskrá og áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar endurspeglar í stefnu og starfi leikskólans. Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan barna.

Í stefnu leikskólans komi fram hvernig leikskólinn vinnur með lýðræði og að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum. Móta þarf áherslur leikskólans enn frekar í samstarfi við foreldra og börn.

Í starfsáætlun verði birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl Skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast. Starfsáætlun verði unnin með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins.

Læsisáætlun verði gerð og unnið eftir henni. Skapa námsumhverfi sem styður enn frekar við máltöku og málþroska barna. Leikskólinn vinni markvisst með heimamenningu allra barna.

Að börnin fái tækifæri til að hafa raunverulega áhrif á skipulag leikskólastarfsins með skipulagðar stundir og frjálsan leik í huga. Starfsfólk nýti ánægju, áhuga og líðan barna sem vísbendingu í mati á leikskólastarfi. Leitað verði fjölbreyttra leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu.

Nota fjölbreyttar leiðir til að fá fram sjónarmið barna. Að sjálfssprottum leik og athöfnum barna verið gefið nægjanlegt svigrúm.

Áætlun verði gerð um mat á námi og velferð barna og reglulegar skráningar verði gerðar á námi og framförum. Fjölbreytt gögn verði lögð til grundvallar við mat á námi og stöðu barna og byggist á samvinnu leikskóla og foreldra.

Börn fái að taka þátt í að meta nám sitt. Börn fái tækifæri til að setja sér markmið og koma með tillögur að eigin námi. Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í vinnu með þeim. Skráningar verði varðveittar með skipulögðum hætti.

Starfsfólk noti lausnamiðaðar og fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku. Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur. Foreldraráð boði fundi með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið. Skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Sjá til þess að mat á starfsháttum fari fram reglulega og gera það sýnilegt í gögnum leikskólans. Að foreldraráð og starfsfólk taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Stjórnendur sjái til þess að fjölbreyttari aðferðir verði notaðar við öflun gagna.

Greinargerð um innra mat verði birt á heimasíðu þar sem fram kemur að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta

Í starfsáætlun komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður innra mats.

Umbótaáætlun verði gerð í starfsáætlun í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.